



338. Stjórnarfundur haldinn 9. sept. 2009 kl:17:00

Mættir: Einar, Kári, Þórður, Sigurvin, Birgir og Bjarney.

1. Fundagerð síðasta fundar.

Lesin og samþykkt.

2. Innkominn bréf.

Bréf frá Landsmótsnefnd 26. Landsmóts UMFÍ á Akureyri og meðfylgjandi minjagripur með þökk fyrir þátttökuna.

3. Send bréf.

Engin.

4. Ritun sögu félagsins.

EH skýrði frá uppgjöri á kostnaði, vegna vinnu og prentunar á bókinni. Flestir kostnaðarliðir hafa hækkað í verði.

5. 80 ára afmæli félagsins.

EH kynnti tilboð frá Soho/Erni Garðarssyni. EH falið að ræða nánar við Örn. Umræður um boðsgesti á afmælisdaginn sjálfan. EH falið að senda út boðsbréf á stjórnarfólk deilda. EH sagði frá að sögusýningarnefndin hefði átt fund með Valgerði Guðmundsdóttur menningarfulltrúa RNB í Bíósal Duushúsa. Sögusýningarnefndin leggur til að sýningin verði sett upp í sal félagsheimilis Keflavíkur þar sem takmörkuð notkun er á Bíósal Duushúsa. Nokkrar umræður um þetta mál. EH, KG og BI ætla að skoða hvort hægt sé að vera með hana í væntanlegu félagsheimili okkar. Formleg opnun yrði sunnudaginn 4. okt. Rætt um heiðranir sem kynnu að vera við opnun sýningarinnar.

6. Önnur mál.

Rætt um málefni sunddeildar. Deildin hefur ákveðið að slíta samstarfi við sunddeild UMFN.

Næsti fundur boðaður.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.19:00
Fundinn ritaði SG

